

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 6. október 1998

um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á lifandi samlokum (tvískelja lindýrum), skrápdyrum, möttuldýrum og sæsniglum, upprunnum í Túnis(*)

(tilkynnt með númeri K(1998) 2952)

(98/569/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

almannaheilbrigði og framleiðslu, verði fullnægt. Einkum skal tilkynna til bandalagsins um allar breytingar sem kunna að verða á veiðisvæðum.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/492/EBE frá 15. júlí 1991 um heilbrigðisskilyrði fyrir framleiðslu og markaðssetningu lifandi samloka (tvískelja lindýra) ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 97/79/EB ⁽²⁾, einkum 9. gr.,

Heimilt er að færa Túnis í skrána yfir þriðju lönd sem fullnægja sambærilegu skilyrðunum sem um getur í a-lið 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 91/492/EBE.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með starfsreglum um útgáfu heilbrigðisvottorða, sem um getur í i-lið b-liðar 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 91/492/EBE, skal ákveða fyrirmynd að vottorði, lágmarkskröfur varðandi það/þau tungumál sem skylt er að semja vottorðið á, stöðu þess sem er falið að undirrita það og heilbrigðismerkið sem á að setja á umbúðirnar.

Sérfræðingur á vegum framkvæmdastjórnarinnar hefur farið í eftirlitsferð til Túnis til að sannprófa við hvaða skilyrði lifandi samlokur (tvískelja lindýr), skrápdyr, möttuldýr og sæsniglar eru framleidd, geymd og send til bandalagsins.

Í samræmi við ii-lið b-liðar 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 91/492/EBE skal tilgreina framleiðslusvæðin þar sem heimilt er að veiða samlokur, skrápdyr, möttuldýr og sæsnigla og flytja út til bandalagsins.

Samkvæmt þarlandri löggjöf annast „Direction Générale de la Santé Animale (DGSA) du Ministère de l'Agriculture“ heilbrigðisskoðun á lifandi samlokum, skrápdyrum, möttuldýrum og sæsniglum og eftirlit með hollustuháttum og hreinlæti við framleiðslu. Sama löggjöf veitir DGSA umboð til að heimila eða banna veiðar á samlokum, skrápdyrum, möttuldýrum og sæsniglum á ákveðnum svæðum.

Í samræmi við c-lið 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 91/492/EBE skal taka saman skrá yfir starfsstöðvar sem innflutningur á samlokum, skrápdyrum, möttuldýrum og sæsniglum er heimilaður frá. Við samantekt skrárinnar ber að byggja á orðsendingu DGSA til framkvæmdastjórnarinnar. Því ber DGSA að tryggja að farið verði að ákvæðum sem eru sett í þessu skyni í c-lið 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 91/492/EBE.

DGSA og rannsóknarstofur þess eru fær um að hafa virkt eftirlit með framkvæmd gildandi laga í Túnis.

Lögbær yfirlit í Túnis hafa skuldbundið sig til að skýra framkvæmdastjórninni reglulega og skjótt frá því ef gögn sýna að svif á veiðisvæðum innihalda eiturefni.

Hin sérstöku innflutningsskilyrði hafa ekki áhrif á ákvarðanir sem teknar eru samkvæmt tilskipun ráðsins 91/67/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 97/79/EB.

Lögbær yfirlit í Túnis hafa lagt fram opinberar tryggingar fyrir því að kröfum, sem eru settar fram í V. kafla viðaukans við tilskipun 91/492/EBE og samsvarandi kröfum í þeirri tilskipun um flokkun framleiðslu- og umlagningarsvæða, viðurkenningu afgreiðslustöðva og eftirlit með

Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 277, 14.10.1998, bls. 31, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/1999 frá 5. nóvember 1999 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 268, 24. 9. 1991, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 24, 30. 1. 1998, bls. 31.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 46, 19. 2. 1991, bls. 1.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

„Direction Générale de la Santé Animale (DGSA) du Ministère de l'Agriculture“ er það lögbæra yfirvald í Túnis sem sannprófar og vottar að lifandi samlokur (tvískelja lindýr), skrápýr, möttuldýr og sæsniglar standist kröfumar sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/492/EBE.

2. gr.

Lifandi samlokur (tvískelja lindýr), skrápýr, möttuldýr og sæsniglar, sem eru upprunnin í Túnis og ætluð til manneldis, skulu uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Hverri vörusendingu skal fylgja tölusett frumrit af heilbrigðisvottorði, sem er rétt útfyllt, undirritað og dagsett, á einni pappírsörk í samræmi við fyrirmyndina í viðauka A við þessa ákvörðun.
2. Vörusendingarnar skulu upprunnar á viðurkenndu framleiðslusvæðunum sem eru skráð í viðauka B við þessa ákvörðun.
3. Hverri sendingu skal pakkað í innsiglaðar umbúðir í viðurkenndri afgreiðslu- eða hreinsunarstöð sem er tilgreind í skránni í viðauka C við þessa tilskipun.
4. Á hverjum pakka skal vera óafmáanlegt heilbrigðismerki með að minnsta kosti eftirfarandi upplýsingum:

- sendingarland: TÚNIS,
- tegund (almenn heiti og vísindaheiti),
- löggildingarnúmer framleiðslusvæðis og afgreiðslustöðvar,
- þökkunardagur, þ.e. að minnsta kosti mánaðardagur og mánuður.

3. gr.

1. Vottorð, sem um getur í 1. tölul. 2. gr., skulu gefin út á að minnsta kosti einu opinberu tungumáli þess aðildarríkis þar sem eftirlitið á sér stað.
2. Á vottorðinu skal vera nafn, staða og undirskrift fulltrúa DGSA og opinber stimpill þess yfirvalds í öðrum lit en aðrar upplýsingar á vottorðinu.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. október 1998.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI A

HEILBRIGÐISVOTTORÐ

fyrir lifandi samlokur (tvískelja lindýr)⁽¹⁾, skrápdýr⁽¹⁾, möttuldýr⁽¹⁾ og sæsnigla⁽¹⁾, sem eru upprunnin í Túnis og ætluð til manneldis í Evrópubandalaginu

Tilvísunarnúmer:

Sendingarland: TÚNIS

Lögbært yfirvald: „Direction générale de la santé animale (DGSA) du ministère de l'agriculture“

I. Auðkenni afurðanna

— Tegund (vísindaheiti):

— Kenninúmer (ef til er):

— Tegund umbúða:

— Fjöldi pakkninga:

— Nettóþyngd:

— Númer rannsóknarskýrslu (ef við á):

II. Uppruni afurðanna

— Viðurkennt framleiðslusvæði:

— Heiti og opinbert löggildingarnúmer afgreiðslustöðvar:

III. Viðtökustaður afurðanna

Afurðirnar eru sendar

frá:

(sendingarstaður)

til:

(viðtökuland og -staður)

með eftirfarandi flutningatæki:

Nafn og heimilisfang sendanda:

Nafn viðtakanda og heimilisfang á viðtökustað:

⁽¹⁾ Strikið út það sem á ekki við.


IV. Heilbrigðisvottun

— Opinber skoðunarmaður vottar að þær lifandi afurðir sem eru tilgreindar hér að framan:

1. voru veiddar, umlagðar ef nauðsyn krafði og fluttar í samræmi við heilbrigðisreglurnar sem eru settar í I., II. og III. kafla viðaukans við tilskipun 91/492/EBE;
2. voru meðhöndlaðar, hreinsaðar ef nauðsyn krafði og þeim pakkað í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í IV. kafla viðaukans við tilskipun 91/492/EBE;
3. hafa staðist heilbrigðiseftirlit í samræmi við ákvæði VI. kafla viðaukans við tilskipun 91/492/EBE;
4. eru í samræmi við skilyrðin sem eru sett í V., VII., VIII., IX., og X. kafla viðaukans við tilskipun 91/492/EBE og því hæfar beint til manneldis.

— Undirritaður opinber eftirlitsmaður lýsir því hér með yfir að honum er kunnugt um ákvæði tilskipunar 91/492/EBE og ákvörðunar 98/569/EB.

Gjört í , hinn
(staður) (dagsetning)



.....
Undirskrift opinbers skoðunarmanns (1)

.....
(nafn með hástöfum, staða og hæfi)

(1) Undirskrift og stimpill skulu vera í öðrum lit en annar texti vottorðsins.

VIÐAUKI B

**FRAMLEIÐSLUSVÆÐI SEM UPPFYLLA SKILYRÐIN SEM ERU SETT Í b-LIÐ 1. MGR.
I. KAFLA VIÐAUKANS VIÐ TILSKIPUN 91/492/EBE**

	Nafn
T 1	Lac de Tunis (Nord)
T 2	Canal de Tunis
B 1	Menzel Jemil
B 2	Faroua
S 1	Sfax Nord
S 2	Gargour
S 3	Guetifa
S 4	O. Maltine Nord
S 5	O. Maltine Sud
S 6	Skhira
G 1	Gabès Nord
G 2	Gabès Sud 1
G 3	Gabès Sud 2
M 1	Médenine Nord
M 2	Lagune Boughrara
M 3	Djerba Nord

VIÐAUKI C

**SKRÁ YFIR STARFSSTÖÐVAR SEM ERU VIÐURKENNDAR MEÐ TILLITI TIL ÚTFLUTNINGS
TIL EFNAHAGSBANDALAGSINS**

Númer	Nafn	Heimilisfang
P.U 200	M. A. Trad	Port de Zarzouna-Bizerte
P.U 300	Prince Export	Port Prince-Nabeul
P.U 306	Médipêche el ghoul	Sidi Daoud-Nabeul